

EFTIRLITSSKÝRSLA

MALBIKUNARSTÖÐ, MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.

| | | | |
|---------------------|--------------------------------|--|--|
| Dagsetning | 18.11.2011 | Fulltrúi HER | Ólöf Vilbergsdóttir |
| Fyrirtæki | Malbikunarstöðin Höfði hf. | Starfsleyfi, gildir til | 01.02.2014 |
| Heimilisfang | Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík | Tegund eftirlits | Reglubundið eftirlit |
| Kennitala | 581096-2919 | Fulltrúar fyrirtækis | Halldór Torfason og Elín Ásdís Ásgeirsdóttir |
| Isat nr. | 26.82.91 | Staðsetning starfstöðvar (hnit) | |
| Starfsemi | Malbikunarstöðvar | | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Enginn frávik frá starfsleyfi voru staðfest en tvær athugasemd voru gerðar.

Athugasemd var gerð við að ekki er búið að steypa kringum úrgangsolúþró. Ítrekað er að það þarf að steypa í kringum úrgangsolúþró. Fulltrúi fyrirtækis greindi frá því að búið er að samþykkja að steypa kringum þró og búa til þvottaplan.

Ekki er ljóst hvort Malbikunarstöðin Höfði hafi váttryggingu skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Senda þarf upplýsingar um hvort fyrirtæki hafi ofangreinda tryggingu.

Fyrirhugað er á árinu 2012 að kaupa endurvinnslubúnað til að endurvinna malbik. Minnt er á að veita þarf Umhverfisstofnun frekari upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær.

Útblástursmæliskýrslur sýndu að ryk í útblæstri er vel innan marka í báðum stöðvum. Búið er að setja upp sírita rykmælubúnað í stöðvarnar.

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti en starfsleyfið hefur ekki fengið endurskoðun í meira en fjögur ár. Skoða þarf endurskoðun á starfsleyfi.

Fyrirtækið er með viðbragðsáætlun vegna umhverfisóhappa skv. ákvæði 2.11 og 3.3 í starfsleyfi. Í viðbragðsáætluninni kemur ekki fram tilkynningarskylda til eftirlitsaðila og Umhverfisstofnunar. Bent var á að þetta þyrfti að taka fram í áætluninni.

UMFANG EFTIRLITS

Heilbrigðisfulltrúi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fór yfir ákvæði starfsleyfis og skoðaði aðstöðu og athafnasvæði fyrirtækisins ásamt fulltrúum fyrirtækis. Farið var yfir útblástursmælingar og önnur gögn.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Engin frávik voru staðfest.

Athugasemd 1:

Ekki er búið að steypa kringum úrgangsolíuþró eins og krafa hefur verið gerð um í eftirlitum sl. ára. Ítrekað er að það þarf að steypa í kringum úrgangsolíuþró svo við hana sé yfirborð sem unnt er að þrifa. Á efra plani eru 2 olíuskiljur. Engin ummerki um olíusmit eru í kringum úrgangsolíuþró. Fulltrúi fyrirtækis greindi frá því að búið er að samþykka að steypa kringum þró og búa til þvottaplan.

Athugasemd 2:

Ekki er ljóst hvort Malbikunarstöðin Höfði hafi váttryggingu skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Skv. gr. 16. og viðauka I sömu laga eiga malbikunarstöðvar að hafa ábyrgðatryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda.

Önnur atriði:

Fyrirhugað er á árinu 2012 að kaupa endurvinnslubúnað til að endurvinna malbik. Búið að útvega eitthvað af slíku efni sem geymt er á athafnasvæði. Minnt er á að veita þarf Umhverfisstofnun frekari upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær.

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti en starfsleyfið hefur ekki fengið endurskoðun í meira en fjögur ár. Skoða þarf endurskoðun á starfsleyfi.

Fyrirtækið hefur skipt út efni sem hefur skaðlega áhrif á menn og umhverfi fyrir efni sem er ekki skaðlegt. Efni er notað til að þynna malbik.

Vaxi er stundum bætt í malbikið, það lækkar hitastig við vinnslu og lagningu og sparar þannig orku og útblástur.

Fyrirtækið er með viðbragðsáætlun vegna umhverfisóhappa skv. ákvæði 2.11 og 3.3 í starfsleyfi. Í viðbragðsáætluninni kemur ekki fram tilkynningarskylda til eftirlitsaðila og Umhverfisstofnunar. Bent var á að þetta þyrfti að taka fram í áætluninni.

Útblástursmæliskýrslur sýndu að ryk í útblæstri er vel innan marka í báðum stöðvum. Búið er að setja upp sírita rykmælubúnað í stöðvarnar. Með þeim er hægt að sjá um leið og síur virka ekki. Áður kom það ekki í ljós fyrir en að sjáanlegur reykur varð mikill.

Ákvæði 2.5 í starfsleyfi kveður á um að viðbragðsáætlun til að hefta rykmengun við óhagstæði veðurskilyrði skuli vera tiltæk. Fyrirtækið er með vöktunarskipulag yfir vöktun á ryki og lofttegundum í útblæstri malbikunarstöðvar/purrkara og annað fyrir ryki á lóð sem talin eru fullnægjandi sem ofangreind viðbragðsáætlun. Við óhagstæð veðurskilyrði er líka reynt að nota frekar eldri stöð.

Verið er að klára vinnu við gæðastjórnunarkerfi fyrir vottun ISO 9001. Umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001 verður mögulega bætt við.

Farið var yfir athafnasvæði. Umgengni á lóð er almennt góð. Á svæði kringum grjótmulningsstöð er töluvert af varahlutum og öðru sem þyrfti að raða snyrtilega upp.

Kvartanir vegna loftmengunar hafa ekki borist á árinu.

Vandamál með ofanvatn hefur minnkað. Enn rennur smá lækur niður Þórðarhöfðann og ber með sér sementsmengað vatn. Greinileg ummerki eru um jarðvegsrof og sementsútfellingar meðfram götunni.

Reykjavík, 08/12/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

